

Dags eftirlits	6.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Pharmacctica ehf	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Lundsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4811022270	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Margrét Ösp Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurbjörn Þór Jakobsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var ekki sett neitt frávik en gerð var ein ábending er varðar ársyfirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Pharmacctica í Grenivík. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 7. maí 2021 sem gildir til 7. maí 2037.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Heimild til álagningu stjórnvaldssekta
- Gjaldskrá
- Umfang starfseminnar
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Geymsla efna
- Breytingar á efnanotkun
- Ársyfirlit
- Umhverfisupplýsingar
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð

Niðurstöður síðasta eftirlits

Eitt frávik var sett í síðasta eftirliti, úrbótaáætlun var samþykkt 8. október 2021. Framkvæmdir samkvæmt úrbótaáætlun er lokið.

Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg

Farið var yfir tilganginn með gagnagrunninum um mengaðan jarðveg og hvort skrá eigi reksturinn inn í hann. Niðurstaðan var að þar sem engin umhverfisóhöpp hafa orðið og starfsemin er þannig að ekki er gert ráð fyrir að mengun berist í jarðveg er starfsemin ekki færð inn í gagnagrunninn.

Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits

Upplýsingar um breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits voru sentar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera ræddar í eftirlitinu.

Heimild til álagningu stjórnvaldssekta

Upplýsingar um heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera ræddar í eftirlitinu.

Gjaldskrá

Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrri refirlitið og ræddar í eftirlitinu.

Umfang starfseminnar

Framleitt magn árið 2022 var vel undir heimiluðu framleiðslumagni skv. starfsleyfi.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar

Rekstraraðili er með áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar. Áætlunin er í stjórnunarkerfinu

og eru dagsetningar á áætluninni, hvenær hún var gerð og hvenær hún var uppfærð síðast. Áætlunin tekur á hvað verður um efni, úrgang, tæki, byggingar við tímabundna og varanlega stöðvun jafnframt því hverjir eru ábyrgir og hverja eigi að upplýsa komi til rekstrarstöðvunar.

Trygging vegna bráðamengunar

Trygging er til staðar gildir út maí 2024.

Geymsla efna

Í nýbyggingunni er mikið lagt upp úr efnageymslu og passað upp á að engin niðurföll séu þar sem efni geta hellst niður. Tveggja sentimetrar upphækkanir eru á gólfum kringum niðurföll til að hindra að efni renni í þau en jafnframt leyfa umferð óhindrað um svæðið.

Ætandi efni verða áfram geymd í lokuðum skápum og basar í trogum.

Olíur eru geymdar á afmörkuðu svæði í gamla húsinu. Engir gólfbrunnar eru nærri og dyrnar næst geymslustaðnum eru með þröskulda. Hægt er því að álykta að svæðið virki sem lekabytta. Þó er mikilvægt að ganga úr skugga um að þröskuldar séu þéttir svo leki komist ekki undir þröskuldana.

Breytingar á efnanotkun

Farið var yfir listann sem gefinn er upp í 1. mgr. gr. 3.9 í starfsleyfinu. Engin efni af þeim lista eru notuð eða verða til í rekstrinum. Einungis eru geymd innan við 10 kg samanlagt af efnunum sem talin eru upp í 2. mgr í sömu grein í starfsleyfinu sem er innan marka starfsleyfisins.

Ársyfirlit

Ársskýrslu fyrir árið 2022 var skilað 26. apríl 2023. Í skýrsluna vantar nákvæmri upplýsingar um það hvaða úrgangur er sendur sem spilliefni og hvaða úrgangur er sendur sem venjulegur úrgangur. Einnig vantar upplýsingar um framkvæmd hreinlætisáætlana og upplýsingar um framleiðslumagn.

Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili þarf ekki að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið og það útskýrt í eftirlitinu.

Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist hvorki til Umhverfisstofnunar né rekstraraðila.

Vettvangsferð

Gengið var um húsnæði rekstraraðilans. Ekki er búið að taka nýbygginguna í notkun. Verið er að leggja lokahönd á hana. Í vettvangsferðinni kom fram að ekki er hægt að taka sýni af því vatni sem kemur frá starfsemiinni í dag. En þegar nýbyggingin verður tekin í notkun er það hægt og tilkynnti rekstraraðili að það sé ætlunin að taka sýni af vatninu sem kemur frá framleiðslunni.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fara yfir að allar upplýsingar komi fram í ársyfirlitinu.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.10.2023



Kristín Kröyer